# SjálfsVörn leiðbeiningar

Forstillt kerfi

#### Til hamingju með SjálfsVörn!

Þegar þú ert búinn að fá þér SjálfsVörn hjá Nova förum við í að setja saman kerfið þitt og stilla það. Við sendum það svo heim að dyrum með Póstinum þar sem boðið er upp á það, en á næsta pósthús ef þú býrð utan þjónustusvæðis Póstsins.

Kerfið sem þú færð í hendurnar er forstillt af tæknimönnum Nortek eins mikið og hægt er og við reynum að gera þér auðvelt fyrir að setja kerfið upp á eigin spýtur!

## 1. AJAX Appið



Ajax Security System Ajax Systems Inc

4.3 ★

Fyrst af öllu skaltu sækja AJAX appið á App Store eða Play Store. Þegar appið er komið í símann skaltu velja

**Create Account/Stofna aðgang**. Þar skaltu fylla inn upplýsingar um nafn, netfang, og símanúmer. Hér velurðu þér einnig lykilorð fyrir aðganginn þinn.

Þegar búið er að fylla inn upplýsingar á skjánum og samþykkja skilmála muntu fá mismunandi staðfestingarkóða senda bæði í SMSi og tölvupósti. Í næsta skrefi skaltu slá báða kóðana inn í dálkana og ýta á **Send/Senda**.

Þegar því er lokið geturðu skráð þig inn með netfanginu þínu og lykilorðinu sem þú valdir. Best er að aðalnotandi kerfis stofni sinn aðgang fyrst og setji upp kerfið áður en öðrum notendum er bætt við.

Í appinu eru fjórir flipar neðst á skjánum – þessir hnappar eru lykillinn að Ajax appinu:

- Devices/Tæki Hér er yfirlit yfir allar græjur í SjálfsVörninni, stjórnstöðin þar með talin. Ef þú smellir á tæki færðu yfirlit yfir græjuna og stillingar, og með því að ýta á tannhjólið efst í hægra horninu geturðu breytt öllum stillingum kerfisins. Svo einfalt!
- **Rooms/Herbergi** Hverju tæki þarf að skipa í herbergi, og það er mikilvægt svo að hægt sé að sjá hvaðan viðvaranir koma þegar kerfið fer í útkall
- Notifications/Tilkynningar Hér er hægt að sjá alla atburði í kerfinu frá því að það var fyrst sett í gang. T.d hver slökkti eða kveikti á kerfinu hverju sinni. Einnig er hér hægt að nálgast allar myndir úr hreyfiskynjurum.
- **Control/Stjórna** Hér er hægt að setja kerfið á vörð/taka af verði og setja á næturstillingu. Hér er einnig neyðarhnappur sem setur kerfið strax í gang
  - Disarmed (Grár, brotinn hringur): Einhver er heima og kerfið er ekki á verði.
  - o Armed (Blár, heill hringur): Enginn er heima og kerfið passar upp á allt



## 2. Gangsetning og tenging stjórnstöðvar

Þegar aðgangurinn þinn er orðinn virkur er hægt að hefjast handa að setja stjórnstöðina í gang og tengja hana þínum aðgangi svo heimilið sé í öruggum höndum. Stjórnstöðin er hjartað í SjálfsVörninni og best er að hafa hana miðsvæðis á heimilinu svo þráðlausa sambandið við allar hinar græjurnar sé sem best. Stjórnstöðin kemur uppsett með SIM korti frá Nova, en svo sambandið sé alveg stöðugt er best að snúrutengja stöðina líka við ráterinná heimilinu. Hér að neðan sérðu yfirlit yfir tengingar stjórnstöðvarinnar:



AJAX Stjórnstöðin

- 1. Ajax merki með rauðu/grænu/hvítu LED ljósmerki.
  - a. Rautt ljós þýðir að stjórnstöðin nær ekki sambandi við netið.
  - b. Grænt ljós þýðir að stjórnstöðin er nettengd í gegnum annaðhvort netsnúru eða SIM kort.
  - c. Hvítt ljós þýðir að stjórnstöðin er nettengd gegnum bæði netsnúru og SIM kort.
  - d. Blikk á 10 sekúndna fresti þýðir að stjórnstöðin hefur misst tengingu við rafmagn.
- 2. Lok. Renndu því niður til að komast að tengingum.
- 3. Innstunga fyrir rafmagnssnúru.
- 4. Innstunga fyrir netsnúru.
- 5. Hólf fyrir SIM kort 2.
- 6. Hólf fyrir SIM kort 1.
- 7. QR kóði sem er auðkenni stjórnstöðvar.
- 8. Fiktvörn.
- 9. Rafmagnsrofi.

Byrjaðu á því að taka stjórnstöðina úr umbúðunum og tengja í rafmagn og með netsnúru í ráter. Kveiktu svo á henni með því að halda takkanum á botninum inni í 3 sekúndur og bíddu þar til ljósið ofan á henni verður grænt eða hvítt, en það getur tekið 2 mínútur fyrir stjórnstöð að tengjast og uppfæra sig.

Farðu svo í appið og veldu **Add hub/Bæta við stjórnstöð** vinstra megin á skjánum og velja svo **Add manually/Bæta handvirkt við**. Á næsta skjá skaltu gefa stjórnstöðinni nafn (t.d. heimilisfang) og setja inn auðkenni stjórnstöðvar þar fyrir neðan. Það geturðu gert með að ýta á QR táknið hægra megin og nota myndavél símans til að skanna QR kóðann neðan á stjórnstöðinni. Ef það virkar einhverra hluta ekki geturðu líka slegið kóðann beint inn í reitinn með því að skrifa inn kóðann sem stendur fyrir neðan QR kóðann. Ýttu svo á **Add/Bæta við** til að tengjast stjórnstöðinni.

Þegar því er lokið ætti stjórnstöðin að vera orðin virk í Ajax appinu í símanum þínum. Nú er kominn tími til að virkja og setja upp allar hinar græjurnar. Spennandi!

## 3. Uppsetning skynjara og íhluta

Áður en SjálfsVörn fór í ferðalagið heim til þín voru skynjurum og öðrum græjum bætt við. Því ættu allar hinar græjurnar sem fylgdu sendingunni til þín nú þegar að vera til í kerfinu þínu. Eina sem þarf að gera svo að kerfið verði allt virkt er að kveikja á þeim. Það er gott að gera það núna til að staðfesta að þær nái allar sambandi við stjórnstöð.

Rafmagnshnappur er í flestum tilfellum undir bakplötu skynjara. Renndu henni af og haltu inni takkanum þar til ljós kemur á skynjarann. Vatnsskynjarinn er þó ekki með bakplötu og hnappinum er bara haldið fast inni til að virkja skynjarann. Svo þarf ekki að virkja fjarstýringu ef þú ert með hana inni í kerfinu, heldur er hún virk beint úr kassanum.

Flestar græjurnar eru skrúfaðar eða límda upp og þá skal festa bakplötuna í vegg eða loft og smella svo skynjara á. Þú ræður! Þegar uppsetningu er lokið skaltu kanna hvort allir skynjarar séu ekki örugglega virkir í kerfinu og það sýni ekki neinar villur.

Þá skaltu fara í **Rooms/Herbergi** flipann. Þar inni ætti að vera eitt uppsett herbergi með öllum íhlutum. Nú getur þú búið til þín eigin herbergi til að skipuleggja kerfið. Það gerirðu með að fara í **Add Room/Bæta við herbergi**, gefa því nafn og taka mynd ef þú vilt.

Þá geturðu farið yfir í **Devices/tækjalistann**, inn í stillingar skynjara með að ýta á tannhjólið og valið þar í hvaða herbergi græjan á heima. Sömuleiðis geturðu gefið hverjum skynjara nafn sem er meira lýsandi, eins og "reykskynjari í svefnherbergi".

#### Uppsetning á skynjara – yfirlit eftir tegundum

**Reykskynjarar -** Skrúfa þarf þá upp í loft í miðju rými. Best er að hafa reykskynjara í hverju rými íbúðar fyrir utan baðherbergi. Best er að hafa þá ekki mjög nálægt eldhúsi.

**Hreyfiskynjarar** – Bæði er hægt að líma og skrúfa þá upp. Best er að hafa hreyfiskynjara í hornum þannig að þeir séu ekki að horfa á glugga. Hreyfiskynjarar nema um 80° í kringum sig og um 12 metra áfram, þannig að í langflestum tilfellum dugar einn hreyfiskynjari fyrir hvert rými sem þarf að vakta. Gott er að passa að staðsetja hann einnig þannig að myndavélin hafi sem best útsýni. Mælt er með að setja þá upp 20-30 sentimetra frá lofti eða í a.m.k. 2,4 metra hæð.

**Dyraskynjarar** – Dyraskynjarar koma í 3 pörtum: Skynjarinn (með ljósi á), stærri segull og minni segull. Minni segulinn er hægt að nota þar sem hægt er að láta hann liggja alveg upp að skynjara þegar hurð er lokuð. Stærri segullinn er notaður þar sem bil verður að vera á milli vegna hönnunar hurðar. Prufaðu að máta saman skynjara og segul á hurð án þess að festa hlutina fyrst til að sjá hvað passar á þína hurð! Ef ljós blikkar á skynjaranum þegar hurðin er opnuð þá virkar skynjarinn. Svo skaltu líka skoða í appinu hvort skynjarinn sýni rétta opnunarstöðu. Límið skynjara svo innan á dyrakarm og segul á hurð og staðfestu að skynjun virki ennþá áður en skrúfur eru settar í, ef þú kýst að skrúfa þá í. Annars bara límiru!

Vatnsnemar – Vatnsnemarnir eru venjulega ekki festir niður, heldur einungis lagðir á gólfið. Best er að setja hann undir uppþvottavél, þvottavél eða ísskáp með klakavél. Einnig er gott að setja þá inn í vaskaskáp. Í rauninni bara þar sem vatn ætti alls ekki að leka! Ekki er mælt með að hafa þá inni í baðherbergi nema hægt sé að koma honum þannig fyrir að vatn komist ekki að honum undir venjulegum kringumstæðum.

**Lyklaborð** – Lyklaborð eru yfirleitt sett á vegg við aðalinngang heimilisins. Athugið að þau eru ekki vatnsheld og geta ekki verið úti.

**Glerbrotaskynjarar** – Þeir geta numið hljóð þar sem rúða brotnar í allt að 7-8 metra fjarlægð og best er að setja þá upp ofarlega á vegg þar sem ekkert er fyrir þeim sem getur dempað hljóðið.

## 4. Byrjað að nota kerfið og öðrum bætt inn

Nú ættirðu að vera kominn með fullvirkt öryggiskerfi og strax í betri málum en áður. Ef fleiri en þú eru á heimilinu er tími til kominn að bæta þeim inn í kerfið. Farðu í **Devices/tækjalistann** og veldu þar stjórnstöðina. Ýttu á tannhjólið efst hægra megin til að breyta stillingum og farðu inn í **Users/**Notendur. Veldu þar **Send Invite/Senda boð**. Sá aðili sem þú býður mun fá tölvupóst og þarf að sækja appið og fylgja sama ferli og þú gerðir til að fá aðgang að kerfinu. Þegar viðkomandi er búinn að klára ferlið geturðu breytt aðganginum og því sem þau geta stillt í listanum sem birtist undir Users/Notendur.

Þar geturðu gefið þeim stjórnandaréttindi og ráðið hvað þeir sjá og geta gert í kerfinu með því að velja notandann og haka/afhaka þar réttindi sem aðgangurinn hefur.

## 5. Leiðbeiningar með tækjum

Fjarstýring





#### Lyklaborð



## 6. Vandræði og bilanagreining

#### Sírenan er ekki nógu hávær!

Farðu í **Devices/tækjalistann** og veldu sírenuna sem þú vilt stilla. Ýttu á tannhjólið og breyttu þar hljóðstyrk sírenu. Ef þér finnst hún enn ekki nógu hávær í hæsta styrk, þá þarf e.t.v. að setja útisírenuna í staðinn, sem getur farið upp í 113db hljóðstyrk. Mundu samt að passa upp á eyrun þín!

#### Þegar kerfið fer í útkall þá hættir hljóðið næstum því strax!

Líklega þarf að lengja tíma hljóðmerkis sírenunnar. Farðu í **Devices/tækjalistann** og veldu sírenuna. Ýttu á tannhjólið og veldu þar tímalengd hljóðmerkis og lengdu í t.d. 60 sekúndur – það er vonandi nóg!

#### Reykskynjarinn minn fer í gang við eldamennsku - hvað get ég gert?

Það er tvennt hægt að gera. Annars vegar er hægt að fara inn í reykskynjarann í tækjalistanum, velja tannhjólið og afhaka þar úr að hann væli þegar hann skynjar reyk. Þá er hann aðeins virkur sem hitaskynjari sem fer í gang þegar eldur veldur því að hiti í rýminu rís hratt.

Hins vegar er hægt að fara inn í stillingar stjórnstöðvar, velja þar **Þjónusta**, svo **Stillingar reykskynjara**. Þar velurðu **Hunsa fyrstu viðvörun**. Þá fer reykskynjarinn ekki að væla fyrr en reykur hefur verið í rýminu í 30 sekúndur.

## Þegar ég ýti á neyðarhnappinn í appinu/fjarstýringunni fer kerfið að væla. Hvernig slekk ég á þessu?

Farðu í **Devices/tækjalistann** og veldu stjórnstöðina. Ýttu á tannhjólið til að fara inn í stillingar og veldu **Notendur**. Veldu þann sem á að breyta og afhakaðu við **Neyðarhnapp**.

#### Ég fæ endalausar tilkynningar um að tæki sé að missa samband. Hvernig laga ég þetta?

Þetta þýðir að annaðhvort sé of langt milli stjórnstöðvar og tækisins eða að eitthvað sé að trufla merkið. Prufaðu að færa stjórnstöðina nær skynjaranum eða að færa skynjarann nær stjórnstöðinni. Ef það er ekki hægt eða dugar ekki til, þá þarftu líklega að bæta við magnara í kerfið.

#### Hreyfiskynjari er of viðkvæmur og kerfið fer í útkall að ástæðulausu

Farðu í **Devices/tækjalistann** og veldu skynjarann sem er með stælana. Farðu í tannhjólið og veldu **Næmi**. Þar geturðu lækkað næmi skynjarans. Ef það er stillt í lægsta og þú færð enn falsútköll þarf að fá tæknimann á svæðið eða að skipta út skynjara.

#### Lyklaborðið virkar ekki

Það þarf að ýta einu sinni einhversstaðar á lyklaborðið til að vekja það eða strjúka því. Þegar ljós kviknar er hægt að stimpla inn kóða eða lesa flögu/kort.

#### Fjarstýringin mín virkar ekki

Fjarstýringin virkar ekki nema þú sért nógu nálægt stjórnstöð til að hún nái sambandi. Ef hún virkar ekki þó hún sé nálægt skaltu ganga úr skugga um að hún sé skráð í kerfið. Ef hún virkar samt ekki þarf mögulega að skipta um rafhlöðu í henni. Til að gera það þarf að smella henni í sundur með hníf eða öðru grönnu blaði.

### Ég fæ ekki tilkynningar í símann frá Ajax

Hér getur margt komið til:

- Er stjórnstöðin nettengd? Ef hún nær ekki sambandi við netið er rautt ljós ofan á henni, annars grænt eða hvítt.
- Er síminn á Do Not Disturb?
- Mismunandi útgáfur af Android haga sér ekki eins varðandi hvort þær hleypi tilkynningum frá Ajax í gegn. Farðu í stillingar símans, í app stillingar og veldu Ajax. Stilltu símann svo að Ajax hleypi öllum tilkynningum í gegn.
- Er appið sjálft rétt stillt? Farðu í Ajax appið og í **Appstillingar** vinstra megin á skjánum. Veldu þar **Kerfisstillingar.** Hakaðu þar við **Bakgrunnstenging** og við **Halda appinu opnu**.

#### Vatnsskynjarinn minn er laus

Skynjarinn á að liggja laus á gólfi, helst undir heimilistæki sem á að vakta eða undir innréttingu. Ef ekki er hægt að koma því við og þarf að festa hann, þá er hægt að setja örþunnt tvíhliða límband undir hann til að festa. Athugið þó að því meira sem hann liftist frá gólfi, því seinna mun hann nema vatn.

#### Kerfið fór ekki á vörð/af verði

Vanalega er hér um að ræða mannleg mistök. Þau geta alltaf komið fyrir! Mögulega er stjórnstöðin ekki nettengd. Hér þarf þjónustuaðili að fá uppsetningaraðgang inn á kerfið til að sjá um hvað ræðir.